

Húrra fyrir báðum liðum

Ashley Stark
(Byggt á sannri sögu)

Þessi saga gerðist í Suður-Kóreu.

Jayne tók síðasta bitann af núðlunum sínum.

Mmmm. Ljúffengt!

„Við skulum spila Yut Nori!“ Sagði Ji-Ho frændi.

Það var aftur sá tími ársins! Fjölskyldan hennar var að halda upp á *Chuseok*, kóreska þakkargjörðarhátíð. Í dag hafði fjölskylda Jayne safnast saman til að borða mikið af mat og spila saman Yut Nori. Yut Nori var uppáhaldsleikur Jayne.

Allir sátu í hring á gólfinu. Jayne horfði í kringum sig. Í hvaða liði vildi hún vera? Hún færði sig til að sitja við hliðina á Ji-Ho frænda. „Ég vil vera með þér í liði!“ sagði hún. „Við munum vinna stórsigur!“

Ji-Ho frændi hló. „Með þér í liði, eigum við sannarlega mikla möguleika!“

Mamma Jayne setti leikjaborðið í miðju hringins. Jayne hjálpaði henni að raða leikmönnum. Það lið sem byrjaði fékk prikin fjögur.

Ana frænka Jayne, var fyrst í röðinni. Hún henti prikunum upp í loftið. Hvernig prikin lentu sýndi hversu mörg bil það lið gæti fært sig á leikjaborðinu. Öll prikin fjögur snéru niður, sem þýddi að Ana fékk Yut! Hún gat fært leikmanninn í sínu liði áfram um fjögur bil og fékk að gera aftur.

En Ana var ekki með Jayne í liði.

Jayne krosslagði hendurnar og gretti sig. „Ég var að vona að hún myndi ekki ná góðu kasti,“ hvíslaði hún að Ji-Ho frænda.

Jayne gretti sig. Hún vildi ekki að hitt liðið myndi sigra!



„Taktu gleði þína!“ sagði Ji-Ho frændi. „Spilið er rétt að byrja.“ Hann brosti til hennar hughreystandi.

Þegar Ana var búin að gera tvisvar, henti lið Jayne prikunum. En þau fengu ekki að færa leikmennina sína jafn langt og Ana og liðið hennar.

Í hvert skipti sem einhver gerði, fagnaði fjölskylda Jayne og hló. Jayne horfði á leikmennina hreyfast um leikjaborðið. Allir voru að skemmta sér.

Allir nema Jayne. Liðið hennar var samt að tapa. Loks átti Jayne að gera. Hún henti prikunum í loftið, en aðeins eitt þeirra snéri niður. Leikmaður hennar liðs færðist áfram um aðeins eitt bil.

Jayne krosslagði handleggja sína. „Ég hætti!“ öskraði hún. „Ég vildi að við myndum vinna.“

Skyndilega, urðu allir hljóðir. Þegar hún leit upp, starði fjölskylda hennar á hana. Þau voru hissa að hún væri svona reið.

Andlit Jayne virtist heitt. Henni leið illa að hún væri ekki ánægð fyrir hönd fjölskyldu sinnar. Hún varð vanalega ekki svona reið. Hún stóð upp til að yfirgefa hringinn.

Ji-Ho frændi rétti út hönd. „Þú þarft ekki að fara,“ sagði hann. „Sigur er ekki allt. Reyndu bara að skemmta þér.“

„Allt í lagi.“ Jayne settist aftur niður. Hún vildi skemmta sér eins og allir

hinir. Hún dró djúpt andann og horfði á frænda sinn Ben henda prikunum.

„Flott kast, Ben!“ sagði Ji-Ho frændi. Hann virtist glaður.

Jayne horfði á Ji-Ho frænda með stórum augum. Hann var að fagna hinu liðinu! Kannski skemmti hann sér þess vegna svona vel.

Þegar næsta umferð byrjaði, ákvað Jayne að hrópa húrra fyrir öllum í báðum liðum. Ji-Ho frændi hafði rétt fyrir sér. Sigur var ekki allt. Jesús gat hjálpað henni að vera glöð fyrir hönd fjölskyldu hennar, jafnvel þó hún tapaði.

Þegar Ana átti að gera næst, brosti Jayne til hennar. „Gangi þér vel! Þú getur þetta.“

Hinum megin í hringnum brosti Ana til baka. Jayne fann hlýju hið innra. Hún var strax farinn að skemmta sér betur! ●

„Svo margt í lífinu fer eftir viðhorfi okkar. Hvernig við veljum að sjá hluti og bregðast við öðrum gerir allann gæfumuninn.“

Thomas S. Monson forseti (1927–2018), „Living the Abundant Life,“ *Líahóna*, janúar 2012, 4.